

Styrkþegar Menningarnæturpottar Landsbankans 2017

Styrkir að upphæð 350.000

- **Hlemmur – Mathöll– Matur & Músík**
Matur & Músík í Mathöllinni á Hlemmi þar sem boðið verður uppá tónleika og matarhátíð þar sem fram koma 3–5 tónlistarmenn á litlu sviði.
- **Brynja Péturs – Street Dance Festival**
Street dans Carnival er nýr viðburður á dagatali Reykjavíkur í anda vinsælla dansviðburða. Áhorfendur sjá kraftmikla danssýningu með öllum bestu street dönsurum landsins á öllum aldri.

Styrkir að upphæð 250.000

- **Snorri Ástráðsson – Hip Hop hátíð Menningarnætur**
Hip hop hátíð Menningarnætur á Ingólfstorgi eru einu tónleikarnir sem einblína einungis á Hip hop og það ferskasta í þeirri senu á hér á landi.

Styrkir að upphæð 200.000

- **Félag Litháa á Íslandi – Þjóðbúningur, þjóðdans og söngur Litháa**
Félag Litháa á Íslandi kynnir þjóðbúning, þjóðdans og alls konar söngvar á litháisku fyrir Íslendinga og aðra gesti.
- **Sigurþór Hallbjörnsson – Reykjavík Custom Bike Show**
Hressandi Rokk og ról tónleikar og mótörhjólásýning í Naustinni.
- **Hanna Jónsdóttir og Ninna Þórarinsdóttir – Léttur í lunda**
Viðburðurinn snýst um að létta lundina og finna í okkur lundann. Þreifa betur á þessum umdeilda fugli, sem verður fleygur 49 daga gamall og er búinn að koma sér svo vel fyrir í Reykjavík. Sett verður upp vinnustofa fyrir alla fjölskylduna þar sem ætlunin er að til verði lundafætur, vængir, goggar og stél, jafnvel heilu lundarnir sem að svífa svo um bæinn léttir í lundu.
- **Hits&Tits –Tjúttað við taflíð – Útikaróki**
Tvíeykið Hits&Tits er skipað þeim Margréti Erlu Maack og Ragnheiði Maísól Sturludóttur sem bjóða upp á útikaróki við útitaflíð við Bernhöftstorfuna.

Styrkir að upphæð 150.000

- **Pera óperukollektíf – Súkkulaðióperan Bon Appétit!**
Pera óperukollektíf er hópur klassískt menntaðra söngvara og listafólks sem vinnur m.a. við óperu– og tónlistarleikhús. Hópurinn, í forsvari Guju Sandholt listræns stjórnanda, flytja stutt stykki sem kitla bragðlauka gesta og gangandi.
- **Improv Ísland – Spunamarabon Improv Ísland**
Improv Ísland sem samanstendur af rúmlega 30 spunaleikurum sem munu spinna í 5 klukkutíma í Þjóðleikhúskjallaranum. Hópurinn sýnir fjölbreytt form af spuna eins og söngleikjaspuna m.a með heilli hljómsveit.

Styrkir að upphæð 100.000 kr.

- **Listvinafélag Hallgrímskirkju – Sálmafoss**
Listvinafélag Hallgrímskirkju stendur fyrir 6 klukkutíma klukkustunda langri dagskrá þar sem flutt verður fjölbreytt kirkjutónlist. Í upphafi dagskrárinnar verða frumfluttir sex nýir sálmar sem Tónmenntasjóður kirkjunnar hefur pantað hjá jafn mörgum skáldum og tónskáldum.
- **Viktoría Sigurðardóttir– Íslenskir söngleikir**
Viktoría Sigurðardóttir leikkona og Halldór Bjarki Arnarsson píanóleikari flytja lög úr íslenskum söngleikjum á borð við Leg, Gretti og Gauragangi á tónleikum sem fara fram í bakgarði í Þingholtunum.
- **Svanlaug Jóhannsdóttir–Í hennar sporum**
Söngkonan Svanlaug Jóhannsdóttir hefur leitað uppi skópör sem eiga sér skemmtilega sögu. Saga kvennanna og skónna, rómantíkin, gleðin og átökin er flutt með sögum og söngvum. Sýningin tekur um 40 mínútur í flutningi og í henni koma fram ásamt Svanlaugu, píanóleikari og víóluleikari.

- **Port3 – Hvaðan ertu?**
Gallery Port býður til veislu á Menningarnótt. Um er að ræða samsýningu ungra og uppnennandi íslenskra myndlistarmanna og jafnframt er boðið uppá tónleika og vinnusmiðju fyrir krakka yfir daginn.
- **Haraldur Aegir Guðmundsson – Chet Baker and Me**
Jazz Quartett leikur lög sem trompetleikarinn og söngvarinn Chet Baker gerði ódauðleg með þýðri rödd sinni upp úr miðri síðustu öld, ásamt úrvali eigin laga sem tengja nútímann við þá öld sem leið.
- **Leikhópurinn Lotta skemmtir á Menningarnótt í Hallargarðinum.**
- **Álfheiður Erla Guðmundsdóttir – Kvöldtónar í Dómkirkjunni**
Álfheiður Erla Guðmundsdóttir sópransöngkona stendur fyrir kvöldtónum í Dómkirkjunni. Hún fær til sín góða gesti sem koma fram á tónleikunum með henni sem gerir dagskrána fjölbreyttari og líflegri þannig að gestir fái notið.
- **Unnur Sara Eldjárn – Söngvaskáldið Serge Gainsbourg**
Franska söngvaskáldið, Serge Gainsbourg er mörgum kunnugur en hann samdi tónlist í ýmsum stefnum eins og mambo, jazz, og reggi og vakti mikla athygli fyrir hómor og orðaleiki í sínum söngtextum.
- **Árni Grétar Jóhannesson – Íslensk raftónlist**
Íslensk raftónlist í boði Möller plötuútgáfunnar með ýmsum listamönnum. Tónleikar frá hádegi til kvölds.
- **Ingi Vífill Guðmundsson – Menningarnótt í Hannesarholti**
Menningarnótt verður fagnað með veglegum hætti í Hannesarholti í fallegu umhverfi þar sem áhersla verður lögð á að gefa listafólki tækifæri til að sýna list sína.
- **Huldufugl – Kassinn**
Kassinn er kómísk, súrrealísk og gagnvirk sýndarveruleika leikhúsupplifun sem fjallar um að festast inni í ósýnilegum kassa. Einn áhorfandi í einu fær að njóta upplifunarinnar sem verður á Hlemmi.
- **Kaffislippur Reykjavík Marina**
Það verður dillandi stemming á Kaffislipp að degi Menningarnætur. Þar mun tvíeyki úr Listaháskólanum syngja frumsamda og lánaða texta frá þekktum tónlistarmönnum til að hita upp gesti Menningarnætur.
- **Hitt Húsið –Vagg og Velta– Stage Europe Network tónleikar**
Tvær erlendar hljómsveitir koma fram á Menningarnótt. Hljómsveitirnar eru afar frambærilegar og eru að hefja feril sinn en hafa þó allar fengið ákveðið brautargengi og unnið tónlistarkeppnir sambærilegum Músíktilraununum í sínum heimalöndum.
- **Barakan afrískur dans og trommuhópur**
Hópurinn var stofnaður af Mamady Sano og Söndru Sano Erlingsdóttur sem sérhæfa sig í dansi og trommuleik frá Gíneu í V–Afriku.
- **Hómy Reykjavík – hópur starfandi myndskreyta**
Hómy Reykjavík er óformlegur sýningarhópur teiknara og myndskreyta á Íslandi. Sýningarþemað á Menningarnótt er Betri Reykjavík – hugmyndir teiknara sem aldrei verða að veruleika.
- **Ísabella Leifsdóttir – Hlemmsöngur**
Ísabella Leifsdóttir söngkona flytur tónlist syngur ásamt meðleikara á Hlemmi. Sungin verða ýmis þekkt og óþekkt lög og væri gaman ef áhorfendur tækju undir.

Nánari upplýsingar á menningarnott.is